

Reykjavík, 20. desember 2019

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Kviku banka hf. gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið hóf vettvangsathugun hjá Kviku banka hf. í maí 2019. Niðurstaða lá fyrir í desember 2019.

Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að kanna framfylgni Kviku við afmarkaða þætti laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og einnig eftir atvikum eldri lög nr. 64/2006 um sama efni. Vettvangsathugunin tók mið af eldri lögum nr. 64/2006, þá sérstaklega hvað varðar yfirferð á framkvæmd áreiðanleikakannana í tíð eldri laga, enda stutt síðan ný lög tóku gildi þegar vettvangsathugun hófst. Nánar tiltekið tók athugunin til innri ferla, reglubundins eftirlits, alþjóðlegra þvingunaraðgerða, framkvæmdar áreiðanleikakannana, einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla og rannsóknar- og tilkynningarskyldu. Þá tók athugunin einnig til undirbúnings bankans á áhættumati samkvæmt 5. gr. laga nr. 140/2018.

Til að öðlast yfirsýn yfir aðgerðir bankans gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverk aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna frá bankanum t.d. gagna úr kerfum bankans vegna áreiðanleikakannana, tók viðtöl við starfsmenn bankans, fékk kynningar á kerfi bankans vegna reglubundins eftirlits, kerfi til að fylgjast með alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og kerfi til að fylgjast með því hvort einstaklingar séu í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Þá var handvalið úrtak 23 viðskiptavina bankans, einstaklinga og lögaðila og framkvæmd áreiðanleikakönnunar bankans á þeim viðskiptavinum könnuð, í heild eða að hluta með sérstakri áherslu á upplýsingar um raunverulega eigendur í tilviki lögaðila. Loks óskaði Fjármálaeftirlitið eftir fimm nýjustu skýrslum vegna rannsókna á grunsamlegum viðskiptum og tilkynningum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að gera athugasemdir við innri reglur og ferla, eftirlitskerfi vegna alþjóðlegra þvingunaraðgerða og einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla eða úrtak á skýrslum vegna rannsókna á grunsamlegum viðskiptum og tilkynningum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Fjármálaeftirlitið taldi hins vegar tilefni til að gera eftirfarandi athugasemdir:

- Skortur var á skjalfestingu á mati á áreiðanleika upplýsinga og því var ekki sýnt fram á að upplýsingar um raunverulega eigendur hafi almennt verið metnar með sjálfstæðum hætti, sbr. 2. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006. Í 10. gr. nógildandi laga nr. 140/2018 eru gerðar sambærilegar kröfur til könnunar á upplýsingum um raunverulega eigendur.
- Öflun upplýsinga um raunverulega eigendur viðskiptavina sem komu upphaflega í viðskipti við Virðingu hf. en urðu viðskiptavinir bankans við samruna félaganna, var ófullnægjandi, sbr. 2. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006. Í 10. gr. nógildandi laga nr. 140/2018 eru gerðar sambærilegar kröfur til könnunar á upplýsingum um raunverulega eigendur.
- Í tveimur tilvikum sönnuðu viðskiptamenn ekki á sér deili við upphaf samningssambands, sbr. 1. mgr. 5. gr. eldri laga nr. 64/2006. Í 10. gr. nógildandi laga nr. 140/2018 eru gerðar sambærilegar kröfur til viðskiptamanna um að þeir sanni á sér deili.

- Kerfi Kviku vegna reglubundins eftirlits með samnings sambandi við viðskiptamenn var ófullnægjandi, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018 en þess má geta að bankinn hafði hafið innleiðingu á nýju kerfi þegar athugunin fór fram.
- Skortur var á að upplýsingar um viðskiptamenn væru uppfærðar reglulega, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 140/2018.